


Hættuleg efni: Verið vakandi, metið hættuna og verjið ykkur



Bílamálun og réttingarverkstæði

www.vinnueftirlit.is



Risk Assessment in the use
of dangerous substances
European Campaign

SLIC
Senior Labour
Inspectors
Committee



Financed by the European Union

Inngangur

Starfsmenn sem starfa við bílaviðgerðir, bílamálun og réttingar eru útsettir fyrir fjölmörgum hættulegum efnum (t.d. málningu, lími, leysum, vélarolíu, útblæstri frá vélum og gufum frá málmsuðu).

Það er því mikilvægt að hætturnar frá efnunum séu metnar, komið verði í veg fyrir þær eða þeim stýrt þannig að unnt sé að forðast heilsuskaða.

Hvað ættu atvinnurekendur að gera til að meta áhættu starfseminnar og taka ákvarðanir um nauðsynlegar forvarnir?

1. Finna hætturnar og meta hversu mikil áhætta er af starfseminni sem fer fram á vinnustaðnum
2. Velja réttar forvarnir og stýra áhættu
3. Endurmeta þessar aðferðir reglulega til að ganga úr skugga um að þær virki eins og til er ætlast og kanna hvort nýjar hættur hafi komið fram

Hvaða forvarnir?

Forvarnirnar geta snúið að vinnuumhverfi, vinnuskipulagi, notkun persónuhlífa eða samspil af þessu þrennu.

Hvernig eru forvörnum í vinnuumhverfi komið við?

- Til dæmis með því að koma fyrir útbúnaði sem er sérstaklega hannaður fyrir vinnuvélar eða vinnusvæði (Sjá dæmi, 2 og 3).



ATHUGIÐ

Þegar vinnusvæði er hannað eða tæki keypt, þarf að tryggja að öryggisþættir séu samþættir frá byrjun.

Hvernig er hægt að skipuleggja vinnu þannig að koma meg í veg fyrir áhættu eða dregið úr henni?

- Með því að stytta þann tíma sem hver starfsmaður er útsettur fyrir hættunni, fækka starfsmönnum sem vinna við eða nálægt hættuvöldum og geyma og umgangast efni á réttan hátt.

Hvers konar persónuhlífar ætti að nota?

- Persónuhlífar eru alltaf lokaúrræði og ætti eingöngu að nota sem auka- eða viðbótarvörn.
- Til eru margar mismunandi gerðir af persónuhlífum, t.d. grímur, hanskar, öryggisgleraugu, svuntur og öryggisskór. Lesið öryggisblöðin sem fylgja efnunum til að ákvarða hvaða persónuhlífar eru viðeigandi.

Eru einhver blöð sem veita upplýsingar um efnin sem verið er að nota?

- Já, það er hægt að finna ítarlegar upplýsingar á öryggisblöðunum sem eiga að fylgja efnunum. Einnig eru nytsamlegar upplýsingar um notkun efnanna á umbúðum þeirra.
Lesið þær vandlega!

HÆTTULEG EFNI SEM ERU ALGENGÁ BIFREIÐAVERKSTÆÐUM, VIÐ BÍLAMÁLUN OG RÉTTINGAR

Dæmi 1 – Bílamálun

Mörg verkstæði nota málningu sem inniheldur sýanat herði sem finnst í ýmsum gerðum af málningu með vatnsgrunni og nánast í öllu lakki.

Viðvarandi ísósýanatmengun getur valdið alvarlegum og ólæknandi astma. Helsta uppspretta ísósýanatmengunar er við úðalökkun en einnig er hægt að verða fyrir mengun þegar úðasprautan er þrifuin.

Til að forðast hættuna á að fá astma ættir þú að:

- Nota sprautuklefa
- Nota aðflutt ferskloft



Sprautuklefar eiga að vera loftræstir og með undirþrýstingi til að koma í veg fyrir að gufur úr klefanum sleppi út í vinnurýmið fyrir utan.

Starfsmenn eiga að klæðast samfestingum, hönskum og bera öndunargrímur með aðfluttu súrefni þegar verið er að úða efnum sem innihalda ísósýanöt.



Allir starfsmenn verða að kunna að festa á sig grímur á réttan hátt og ganga úr skugga um að þær séu í lagi og virki.

Dæmi 2 – Snerting við útblástur

Útblástur frá vélum getur valdið ertingu í augum og öndunarfærum. Útblástur sem inniheldur kolmónoxíð getur einnig verið hættulegur heilsu ef honum er andað að sér. Vinna í lengri tíma í útblæstri frá dísilvélum, sérstaklega bláum eða svörtum reyk, getur leitt til hósta og andnaðar. Ef starfsmenn eru ítrekað útsettir fyrir slíkum útblæstri getur það aukið líkur á lungnakrabbameini síðar.




Hvaða fyrirbyggjandi aðferðum er mælt með?

Haldið vinnustaðnum vel loftræstum. Komið fyrir kerfi sem fjarlægir staðbundið allan útblástur, sérstaklega þegar unnið er í gryfjum.

Dæmi 3 – Snerting við málmsuðureyk

Reykur frá málmsuðu, skurði og annarri vinnu sem hiti stafar af getur valdið þurrki í hálsi, hósta, brjóstverkjum og öndunarerfiðleikum. Breytingar í lungum geta átt sér stað vegna langvarandi suðuvinnu þar sem hættulegur reykur og lofttegundir myndast.



Hvaða forvörnum er mælt með?

Það ætti að vera staðbundið afsog eða færanlegur búnaður með sögi sem skilar loftinu út.

Dæmi 4 – Snerting við notaðar olíur

Tíð og langvarandi snerting við notaða vélarolíu getur valdið útbrotum og öðrum húðvandamálum, þar með talið húðkrabbameini.

Hvaða forvörnum er mælt með?

Forðast alla óþarfa snertingu við notaða vélarolíu. Nota hlífðarfatnað, sem er þvegin og skipt um reglulega, auk þess er mikilvægt að starfsmenn gæti að persónulegu hreinlæti. Vinnusvæði og áhöld á að hreinsa reglulega eða a.m.k. í lok hvers vinnudags.



Áhrif leysa

Leysar eru mikið notaðir í bílaviðgerðum, aðallega til að þrifa ýmsa hluti. Sumir leysar eru byggðir á vatnsgrunni en margir aðrir innihalda lífræna leysa. Tíð eða langvarandi snerting við leysa getur valdið því að verndandi fitulag húðarinnar leysist upp og útbrot myndast. Auk þess geta sumir leysar verið hættulegir við innöndun.

Komist að því hvaða leysa verið er að nota á vinnustaðnum. Lesið öryggisblöðin og kynnið ykkur merkimiðana á umbúðunum.

Almennar forvarnir

Til að verja þig gegn hættulegum leysum, er best að:

- Skipta hættulegum vörum út fyrir minna hættulegar eða hættulausar þegar það er mögulegt
- Vinna í vel loftræstu rými með lofthreinsibúnaði
- Nota staðbundið afsog alltaf þegar það er mögulegt
- Nota grímur þegar þess er þörf
- Nota rétta gerð af hönskum til að koma í veg fyrir útbrot

Dæmi 5 – Skipulag á efnum í geymslum



Hvaða forvörnum er mælt með?

- Skipuleggja geymsluna
- Geymið einungis efni sem má geyma saman í geymslunni
- Hafið umbúðirnar lokaðar, fjarri sólarljósi og mögulegum íkveikjuvöldum í þurru, vel loftræstu rými við stofuhita
- Tryggið að gólf í geymslum þar sem eldfim efni eru geymd, séu vatnspétt og útbúin lekabyttu til að vökvar leki ekki út úr geymslunni ef óhapp verður
- Tryggið að öll ílát séu rétt merkt
- Tryggið að öryggisblöðin séu staðsett við geymslur efnanna og aðgengileg starfsmönnum

Móttaka á efnavörum

Móttaka efnavöru er fyrsta stigið í réttri meðhöndlun.

Þegar þú tekur á móti vöru ættir þú að:


- Bera kennsl á vöruna, skrá hana og fylgjast með notkun
- Skoða ástand umbúðanna (eru þær heilar og allir miðar á réttum stað)
- Skoða upplýsingarnar á merkimiðunum
- Skoða öryggisblöðin sem fylgja með vörunni

Öll ílát undir hættulegan efni og efnablöndur verður að merkja á réttan hátt.

Miðar verða að vera læsilegir og innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn vörunnar
- Nafn eða merki framleiðanda
- Nafn dreifingar eða innflutningsaðila
- Hættusetningar
- Varnaðarsetningar
- Hættumerki

Hvernig lestu úr miðanum?



Viðvörðunarorð og hættu- og varnaðarsetningar skulu vera á íslensku.

Viðvörðunarorð

Viðvörðunarorðið er stígskipt lýsing á því um hve mikla hættu er að ræða. Viðvörðunarorðið „**Hætta**“ er notað til að lýsa alvarlegri hættueiginleikum en „**Varúð**“ til að lýsa vægari hættueiginleikum. Flokkun efnis eða blöndu segir til um það hvort viðvörðunarorðið eigi að nota.

Hættusetningar

Hættusetningar eru staðlaðar setningar sem tilgreina hættulega eiginleika vörunnar út frá uppgefinni flokkun. Ef efni eða blanda er flokkuð í marga hættuflokka eða áhrifategundir innan hættuflokks skal birta allar hættu-setningarnar, sem fylgja í kjölfar flokkunarinnar, á merkimiðanum nema þær séu greinilega tvíteknar eða óþarfar.

Varnaðarsetningar

Varnaðarsetningar skiptast í almennar varnaðarsetningar, forvarnir, viðbrögð, geymslu og förgun.

Dæmi um hættur

Líkamleg áhætta

1 – Sprengifim efni



2 – Eldfim efni / Íkveikjanleg og brennanleg efni

3 – Eldnærandi/Oxandi efni



4 – Lofttegundir undir þrýstingi

5 – Ætandi efni

Heilsufarsáhætta

1 – Sterkt eitur/ bráð eiturhrif



2 – Heilsuskaðleg og ertandi efni

3 – Efni sem valda alvarlegum heilsuskaða / Ertandi í öndunarvegi / Krabbameinsvaldandi
Hættulegt æxlunarkerfum / Eitrað

fyrir ákveðin líffæri / Stökkbreytandi / Eitrað fyrir öndunarveg



4 – Ætandi efni

Hættulegt umhverfinu

1 – Skaðlegt umhverfinu og eitruð vatnalífi



Níu hættumerki



Nánari upplýsingar um merkin er að finna í bæklingnum „Hættuleg efni á vinnustað“

Hvað eru öryggisblöð?



Öryggisblöðin veita upplýsingar um hvaða hættuleg efni eru í efnun og efnablöndum og um örugga meðferð þeirra. Þau hjálpa þér að meta hvort starfsmönnum gæti mögulega stafað hættu af því að nota þessi efni. Þegar hættuleg efni eru afhent, eða jafnvel áður en þau eru afhent, eiga allir framleiðendur, innflytjendur og/eða dreifingaraðilar að senda

notendum öryggisblöð sem innihalda upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að vernda bæði heilsu manna og umhverfið. Upplýsingarnar á öryggisblaðinu eiga að vera skrifaðar á opinberu tungumáli landsins sem vinnustaðurinn er staðsettur í (íslensku) en einnig er heimilt að hafa þau á ensku hér á landi.

Ef öryggisblöð eru ekki fyrir hendi ættir þú að krefjast þeirra af þeim framleiðanda eða dreifingaraðila sem fyrirtækið skiptir við.

Frekari upplýsingar má nálgast Vinnueftirlitinu eða Umhverfisstofnun



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS